



Lagt fyrir 384.Fund Velferðarráðs Reykjanessbæjar 12. febrúar 2020

Mál nr. 2019080487

Greinargerð


Viðtakandi: Velferðarráð Reykjanessbæjar

Sendandi: María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar

Efni: Staðan á verkefninu Ábyrg saman.

Forvarnarvernefnið Ábyrg saman hófst 1. september 2019 en um er að ræða eins árs tilraunaverkefni á milli Velferðarsviðs Reykjanessbæjar og Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögð er áhersla á að efla forvarnir og beita snemmtækri nálgun til að mæta áhættuhegðun hjá börnum. Barnavernd býður foreldrum og börnum upp á ábyrgt samtal með forvarnarfulltrúa frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum í þeim málum sem barnavernd ákveður að hefja ekki könnun máls. Markmið með viðtalinu er að gera foreldrum og börnum grein fyrir barnaverndartilkynningunni frá lögreglu, veita foreldrum og barni tækifæri til að eiga samtal um tilkynninguna, veita fræðslu og upplýsingar um úrræði sem þeim stendur til boða og draga úr áhættuhegðun hjá barni.

Á árinu 2019 var heildarfjöldi barna 25 í Ábyrg saman. Á mynd 1 má sjá tilkynningarefni varðandi áhættuhegðun barnanna. Fjórar fjölskyldur af 25 þáðu að koma í viðtal. Hjá tveim börnum kom aftur tilkynning til barnaverndar þar sem annað málið fór aftur í Ábyrg saman en í hinu málinu var opnað barnaverndarmál sem var lokað eftir könnun á árinu. Þeir foreldrar/barn sem komu í viðtal fannst gott að fara yfir tilkynninguna, að fara yfir stöðuna og fá fræðslu. Einnig að fara yfir hvaða afleiðingar gætu orðið ef barnið héldi áfram að stunda áhættuhegðun. Þeir foreldrar sem þáðu ekki viðtal vissu almennt af atvikinu og voru búin að fara yfir það með barni sínu.



Mynd 1. Fjöldi barna í Ábyrg saman

*Barn sem stefnir eigin heilsu og þroska í hættu þá er grunur um að barn sýni tilburði til að skaða sjálf sig t.d. með því að veita sjálfu sér áverka, reyna að svipta sig lífi eða vera haldið alvarlegri átröskun.